

# Samstarf um lestur

---

FRÆÐSLA FYRIR FORELDRA BARNA Í 1.BEKK  
FJALLASKÓLI - DÆMI UM KYNNINGU SKÓLA

## Samstarf heimilis og skóla

- Grunnskólalög eru skýr varðandi þátttöku foreldra í námi barna.
- Þáttur foreldra í lestrarnámi barna er mikilvægur og ástæða til að veita þeim tækifæri til virkrar þátttöku.
- Enginn einn einstakur þáttur hefur eins mikil áhrif á námsárangur barna og líðan þeirra í skólanum eins og viðhorf og stuðningur foreldra.
- Hlutdeild foreldra í menntun barna sinna hefur tvöfalt meira forspárgildi um námsárangur en félagsleg staða.
- Þegar skólar stuðla skipulega að samstarfi við foreldra eru dæmi um að áhrif þeirra séu allt að sexfalt meiri en aðrir áhrifaþættir.
- Samstarfið þarf að vera að frumkvæði skólans – þar er fagleg þekking á lestri.

## Lestur og læsi er samstarfsverkefni

- Skólinn kennir lestur og aðferðir til að efla læsi nemenda.
- Heimilin þjálfa lestur og skapa aðstæður þar sem læsi getur dafnað.
- Læsi verður til á löngum tíma og læsi barna þarf að þroskast í takt við vitsmunaproska og áskoranir í námi og leik.

	<b>Viðmið 1: Lágmarksfærni</b>	<b>Viðmið 2: Fullnægjandi færni</b>	<b>Viðmið 3: Framúrskarandi færni</b>
<b>1. bekkur</b>	20	55	75
<b>2. bekkur</b>	40	85	100
<b>3. bekkur</b>	55	100	120
<b>4. bekkur</b>	80	120	145

## Lesfimiviðmið MMS

---

LESIN ORÐ Á MÍNÚTU

# Mikilvæg hugtök

- ❑ Málþroski
- ❑ Hljóðkerfisvitund
- ❑ Umskráning
- ❑ Orðleysulestur
- ❑ Orðaforði
- ❑ Sjónrænn orðaforði
- ❑ Lesfimi
- ❑ Málskilningur/hlustunarskilningur/lesskilningur
- ❑ Skrift/ritun/réttritun
- ❑ Kennsluaðferðir

## Aðstæður við þjálfun

1. Þjálfnið af athygli.
2. Þjálfnið eins snemma dags og kostur er.
3. Mikilvægt að barnið sé ekki svangt og pirrað.
4. Þjálfnið á notalegum stað og í næði.
5. Hvetjið og hrósið - öll börn sem fá þjálfun taka framförum þrátt fyrir að þeim sækist lestrarnámið mishratt.
6. Veitið barninu tækifæri til að sýna hvað það kann.

## Heimalestrarþjálfun

1. Þjálfnið lestur 5 daga vikunnar.
2. Þjálfnið lestur í 10 mínútur upphátt (raddlestur).
3. Látið barnið lesa hverja blaðsíðu tvisvar.
4. Tryggið nákvæman lestur; vísifingur eða blýantur.
5. Gott lestrarlag: Sýnikennsla með bergmálslestri.
6. Tryggið skilning á nýjum orðum.
7. Ræðið efni texta.
8. Val á lestrarbókum.
9. Skráning og eftirfylgni.

# Hvernig er best að leiðrétta lesturinn?

---

Mundu að hleypa barninu ekki áfram nema allt sé rétt lesið.

Láttu barnið glíma við nýtt orð í 5 sek. Hvaða orð heldur þú að þetta sé?

Hjálpaðu því af stað með því að lesa fyrstu tvo stafina. Ef það gengur ekki skaltu lesa orðið fyrir það.

Gefið ykkur tíma til að skoða orðið vandlega og æfa lestur á því nokkrum sinnum.

Barnið mun líklega þekkja orðið án mikilla erfiðleika næst þegar það rekst á það.



## Litlar framfarir?

- Eru frávík til staðar?
- Eru lestrarerfiðleikar í fjölskyldu?
- Hvernig er lestrarlagið?
- Er lesskilningur slakur?
- Hvernig stendur barnið sig í samanburði við jafnaldra/eldri systkini?
- Aðrar vísbendingar?
- Líkamlegar ástæður?

# Fyrirkomulag lestrarstuðnings

---

## Hvað gera foreldrar?



- Sjón- og heyrnarmæling.
- Hvernig er lestrarlag?
- Hvert er viðhorf barnsins til lestrar?
- Ræddu við umsjónarkennara eða sérkennara.
- Hvatning og jákvætt viðhorf foreldra.

# Hvað gerir skólinn?

- Upplýsingar úr leikskóla
- Stafakönnun
- Mat á lesfimi
- Snemmbær stuðningur - lestrarstuðningur frá byrjun
- Logos lestrargreining eftir þörfum
- Fagleg leiðsögn og samvinna skóla og heimilis á skólagöngu

## Lesið áfram fyrir börn ykkar

- Börn skilja flóknari texta en þau eru fær um að lesa.
- Barn með mikinn orðaforða hefur forskot í námi – Mattheusaráhrifin.
- Eykur athygli, úthald og minni.
- Eflir færni í lestri - ritun - hlustun – tali.
- Skapar jákvætt viðhorf til lestrar.
- Bækur og tilfinningalitrófið.
- Hljóðbækur.



# Hver er staðan?

Að allir nemendur sem hafa forsendur til  
verði lesfimir við lok 4. bekkjar

Framtíðarsýnin okkar

## 1.bekkur

MATSTÆKI	Lesfimi	Stafakönnun	Orðleysur og sjónrænn orðaforði
<i>Grunnþættir lestrar</i>	Málskilningur og orðaforði. Bókstafa- og hljóðþekking. Hljóðkerfisvitund.	Hljóðið, málið, tákn og stafþekking.	Ritháttalestur, tenging hljóða og stafa.
<i>Tímasetning</i>	September, janúar, maí	September, febrúar	Janúar, maí
<i>Þátttaka</i>	Allir nemendur árgangsins sem hafa forsendur til.	Nemendur á eða undir viðmiði 1.	Nemendur á eða undir viðmiði 1.
<i>Fyrirlögn</i>	Umsjónarkennari/sérkennari	Umsjónarkennari/sérkennari	Umsjónarkennari/sérkennari
<i>Viðbragðsáætlun ef nemandi vikur frá aldursviðmiðum</i>	Formlegt lestrarnám rétt að byrja. Kennari fylgist með framvindu í lestri og stöðu almenns þroska hjá nemendum sínum. Lögð áhersla á daglegan lestur heima og í skólanum. Kennari greinir niðurstöður og skipuleggur íhlutun eftir þörfum og í samræmi við niðurstöður. Brugðist er við þörfum nemenda sem ná metnaðarfullum viðmiðum með krefjandi verkefnum.	Formlegt lestrarnám rétt að byrja. Kennari fylgist með framvindu í lestri og stöðu almenns þroska hjá nemendum sínum. Lögð áhersla á daglegan lestur heima og í skólanum. Kennari greinir niðurstöður og skipuleggur íhlutun eftir þörfum og í samræmi við niðurstöður.	Formlegt lestrarnám rétt að byrja. Kennari fylgist með framvindu í lestri og stöðu almenns þroska hjá nemendum sínum. Lögð áhersla á daglegan lestur heima og í skólanum. Kennari greinir niðurstöður og skipuleggur íhlutun eftir þörfum og í samræmi við niðurstöður.
<i>Lestrarkennsla</i>	Fjölbreyttar lestrarkennsluáferðir, lestur upphátt í skóla flesta daga, heimalestur upphátt a.m.k. 5 daga vikunnar, lestrarvænt umhverfi, lestrarfyrirmyndir: foreldrar, kennara og annað starfsfólk.		



# Hlutverk foreldra

Að efla áfram málþroska.

Að auka orðaforða og hugtakaskilning.

Að veita víðtæka reynslu í gegnum fjölbreytta upplifun og umræðu um hana.

Að þjálfra umskráningarfærni og skilning.

Að skapa jákvætt viðhorf til lestrar með góðri lestrarmenningu heima.

# Hlutverk skólans

Að veita vandaða lestrarkennslu.

Að tryggja að allir, sem hafa forsendur, nái viðmiðum árgangsins.

Að bregðast fljótt við lestrarvanda barna með snemmbærum stuðningi.

Að styðja við læsi með góðri lestrarmenningu.

Að styðja vel við foreldra í hlutverki þeirra sem lestrarþjálfarar og veita greinargóðar upplýsingar um framvindu læsisnáms barna þeirra.

# Lestrarmenning skólans

---

Lestrarsprettir

Höfundakynningar

Stóra og litla  
upplestrarkeppnin

Vinsældalistar

Viðburðir á  
skólasafni

Upplestur

Nestislestur

Lestrarvinir

# Læsisstefna

Áherslur í vetur

- ❑ Starfspróun kennara – allir kennarar eru læsiskennarar
- ❑ Markviss nýting tölulegra gagna
- ❑ Ritun/skrift/réttritun
- ❑ Rýni að vori



# Æfingin skapar meistarann!

---

- Meiri þjálfun → meiri árangur
- Meiri árangur → meiri ánægja
- Meiri ánægja → oftar gert
- Því meira sem þú lest → því meira veistu
- Því meira sem þú veist → því snjallari verður þú!